

Fræðslu og æskulýðsnefnd Glaðs Búðardal

06.03.2006

Var haldin kynning í Grunnskóla Búðardals á Æskunni og hestinum. Var það gert með Videósýningu og spjalli. Töluvert af börnum var mætt og sýndu þau þessu mikinn áhuga. Einnig var haldin kynning í Grunnskólanum í Tjarnarlundi í Saurbæ.

11.03.2006

Lagt var af stað frá Búðardal kl. 9:30 á sýninguna “Æskan og hesturinn” með fulla rútu og í raun var aðsóknarmet. Ekki komust allir með sem vildu en í allt fóru 53 með og voru allir yfir sig hrifnir af sýningunni. Eftir sýningu var komið við í KFC í Mosfellsbæ þar sem fólk borðaði með bestu lyst. Voru flestir þátttakendur ákveðnir í að koma aftur með að ári liðnu á þessa frábæru skemmtun.

19.06.2006

Var haldið reiðnámskeið á vegum fræðslu og æskulýðsnefndarinnar. Þetta var 10 stunda námskeið sem Skjöldur Orri Skjaldarson sá um og er það einróma álit allra að mjög vel hafi tekist upp. Alls voru 65 skráðir sem er stærsta námskeið í mörg ár. Í námskeiðslok var að venju riðið að Nesodda í Miðdölum. Áð var í Álfheimum þar sem grillaðar voru pylsur ofan í mannskapinn. Um 60 manns riðu að þessu sinni, bæði börn og fullorðnir. Einnig sá nefndin um veitingar fyrir dómara og aðra starfsmenn Nesoddamótsins.

29.07.2006

Þessa helgi var haldið Bikarmót Vesturlands í Búðardal á nýjum reiðvelli Glaðsmanna sem einnig var vígður þennan dag og sá nefndin um nesti fyrir dómara og starfsmenn.

09.09.2006

Í samstarfi við Skemmtinefndina var farið í fjölskylduferð, 20 manns skráðu sig í ferðina og þrátt fyrir leiðindaveður vantaði engan. Lagt var af stað frá hesthúsahverfinu í Búðardal kl 13:00 þaðan var riðið upp að Hróðnýjarstöðum. Þar bættust nokkrir í hópinn og var haldið áfram niður í Ljárskógarrétt. Þar var stoppað og grillaðir hamborgarar, gos og kaffi með Prins Póló í eftirrétt. Síðan lauk hringnum þegar riðið var þaðan heim í Búðardal.

F.h. fræðslu og æskulýðsnefndar Glaðs
Fanney Þóra Gísladóttir, formaður